

## 10. gr.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að taka gjald af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum sbr. 23. gr. laga nr. 117/1994 um skipulag ferðamála með síðari breytingum til að standa straum af eftirliti vegna laganna og skal fjárhæð gjaldsins nema þrjátíu þúsund krónum á hvern leyfishafa á ári.

## 11. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 26. ágúst 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

3. júní 1998

Nr. 531

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar,  
nr. 556 29. desember 1993.**

## 1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætist: og vátryggingartaka.

## 2. gr.

Á eftir „ökumanns“ í 4. gr. komi: og vátryggingartaka.

## 3. gr.

Á eftir „ökumanns“ í 4. mgr. 6. gr. komi: og vátryggingartaka.

## 4. gr.

Í stað „Bifreiðaskoðunar Íslands hf.“ í 2. mgr. 7. gr. komi: skráningarstofu ökutækja eða aðila í umboði hennar.

## 5. gr.

Í stað „Bifreiðaskoðunar Íslands hf.“ í 3. mgr. 11. gr. komi: skráningarstofu ökutækja, og í stað „Bifreiðaskoðun“ í sömu mgr. komi: skráningarstofu.

## 6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. mgr. 91. gr., 1. mgr. 94. gr. og 2. og 3. mgr. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júní 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*